

FUNDARGERÐ

**Fundur nr. 135 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 23. júlí 2024 kl. 16:00
á skrifstofu Herjólfss ohf. Básaskersbryggju 2, Vestm.**

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Agnes Einarsdóttir, Helga Kristín Kolbeins, Sigurbergur Ármannsson, Sæunn Magnúsdóttir, Rannveig Ísfjörð og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri. Guðlaugur Friðþórsson boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina

Á dagskrá fundarins voru þrír dagskrárliðir:

1. Rekstrartölur jan.-júní 2024

Framkvæmdastóri fór yfir 6 mánaða uppgjör, rekstur gengur skv.áætlun.

2. Farþegatölur.

Fluttir hafa verið 5.555 fleiri farþegar fyrstu 6 mánuði 2024 en á síðasta ári. Farþegatölur í júní voru á pari við júní 2023. Þónokkur samdráttur hefur verið í farþegafjölda fyrstu 3 vikur júlímánaðar miðað við síðasta ár. Þar með eru spár ferðaþjónustunnar á Íslandi varðandi fækkun ferðamanna greinilega að rætast. Gríðarlega mikilvægt er fyrir Herjólf að haldið verði áfram góðri markaðssetningu til að sporna við frekari fækkun ferðamanna til Eyja.

3. Önnur mál.

Fyrirhugaðri slíptöku sem átti að vera í haust hefur verið frestað fram á vor 2025.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 3. sept.2024

Fundi slitið kl. 17:45

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.